



3, 3.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Febr. 1908.

KVEÐJA.

Með þessu númeri „Sam.“ hættir deildin „Börninn“ að koma út, samkvæmt því, sem samþykkt var á síðasta kirkjuþingi. Með nýárinu hættu „Börninn“ að koma út sem sérstakt blað. En þótt nafnið hverfi, er sumum hefur þótt óviðkunnanlegt — mönnum sýnist svo misjafnt —, þá hverfur vonandi ekki blaðið. Það breytist, verður stærra og fyrir fleiri. Það vex. Allt gott á að vaxa. Það var vísir. Og þegar gefið er í skyn, að það hafi verið gott, þá er átt við, að það hafi verið góður vísir — vísir að blaði, sem þurfti að vaxa. Og líka, að það hafi verið í þjónustu hins góða — unnið að því að sá til hins góða í barnssálinnar og hjálpa því áfram.

Sá, sem skrifað hefur blaðið, er ekkert upp með sér af því. Það var ekki af neinni metorðagirnd, að hann byrjaði á því. Hann tók upprunalega við af öðrum, af því hann var beðinn þess. Hann sóttist ekki eftir því. Færðist undan því, af því hann treysti sér svo illa til þess; en lét þó tilleiðast. Og honum hefur fundist og finst enn, að handleiðsla drottins hafi verið hér með í verki og stjórnað atvikunum — að drottinn hafi á þennan hátt gefið honum bending um, að hann vilji nota hann